



Tegund	Heiti verkefnis	Staða	Dags. stofnuð	Dags. skiluð	Dags. afgreidd	Aðgerðir
Umsókn um styrkveg	Umsókn um styrkveg	Samþykkt	11.03.2025	11.03.2025	24.06.2025	   

Umsókn vegna fjárveitingu til styrkvega árið 2025 hefur verið tekin til umfjöllunar.

Vegagerðin hefur samþykkt að veita styrk til vegagerðar af liðnum Styrkvegir í vegáætlun árið 2025 til verkefnisins **Styrkvegir í Skaftárhreppi** að upphæð kr. 3.300.000. Styrkþegi er Skaftárhreppur, 4806902069.

Styrkurinn er veittur samkvæmt heimild í 25 gr. vegalaga nr. 80/2007 og telst styrkþegi því veghaldari vegarins samkvæmt IV. kafla laganna og hvíla á honum skyldur í samræmi við það. Styrkþega er skylt að heimila öðrum hagsmunaaðilum umferð um veginn.

Athygli styrkþega er vakin á því að um nýja vegi og breytingar á eldri vegum gilda skipulagslög og lög um mat á umhverfisáhrifum. Afla þarf framkvæmdaleyfis viðkomandi sveitastjórna(r) og verður það að liggja fyrir áður en styrkur er greiddur.

Að loknum framkvæmdum, skal styrkþegi hafa samband við fulltrúa Vegagerðarinnar vegna úttektar, að úttekt lokinni sendi styrkþegi Vegagerðinni undirritað eyðublað um hvað hafi verið framkvæmt og framvísi afritum af reikningum, ásam upplýsingum um banka og reikningsnúmer.

Ráðstöfun styrks þarf að fara fram á árinu 2025.

Hægt er að ná í Vegagerðina í síma 522-1000.

Fulltrúi Vegagerðarinnar á svæðinu er Ágúst Freyr Bjartmarsson

Verknúmer: 6180-20/001

Virðingarfyllst

f.h. Vegagerðarinnar

Svanur Bjarnason

Suðursvæði